

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (EB) nr. 349/2001**2003/EES/49/10****frá 21. febrúar 2001****um breytingu á reglugerð (EBE) nr. 94/92 um nákvæmar reglur um innflutning frá þriðju löndum sem kveðið er á um í reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2092/91 (*)**FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA
HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2092/91 frá 24. júní 1991 um lífræna framleiðslu landbúnaðarafurða og merkingar þar að lútandi á landbúnaðarafurðum og matvælum ⁽¹⁾, eins og henni var síðast breytt með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2020/2000 ⁽²⁾, einkum 1. mgr. 11. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í 1. mgr. 11. gr. reglugerðar (EBE) nr. 2092/91 er tilskilið að aðeins sé heimilt að markaðssetja afurðir sem fluttar eru inn frá landi utan bandalagsins ef þær eru upprunnar í landi utan bandalagsins sem er tilgreint í skrá sem er samin í samræmi við skilyrðin sem mælt er fyrir um í 2. mgr. 11. gr. reglugerðar (EBE) nr. 2092/91. Slík skrá var sett fram í viðaukanum við reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EBE) nr. 94/92 ⁽³⁾ eins og henni var síðast breytt með reglugerð (EB) nr. 2426/2000 ⁽⁴⁾.
- 2) Ungverjaland hefur óskað eftir því við framkvæmdastjórnina að hún breyti skilyrðum fyrir skráningu þess svo að heimila megi innflutning lífrænt ræktaðra hráefna. Ungverjaland hefur sent þær upplýsingar sem krafist er samkvæmt 5. mgr. 2. gr. reglugerðar (EBE) nr. 94/92. Athugun á

upplýsingunum, sem lagðar voru fram, hefur leitt til þeirrar niðurstöðu að kröfurnar jafngildi þeim kröfum sem gerðar eru í löggjöf bandalagsins.

- 3) Argentína hefur lagt fram fyrir framkvæmdastjórnina þær tryggingar varðandi framleiðslu á og eftirlit með búfé og búfjárafurðum sem krafist var. Gildistími skráningar, sem rennur út 28. febrúar 2001, skal því framlengdur svo að innflutningur geti haldið áfram.
- 4) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit nefndarinnar sem um getur í 14. gr. reglugerðar (EBE) nr. 2092/91.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Viðaukanum við reglugerð (EBE) nr. 94/92 er hér með breytt að því er varðar Argentínu, og Ungverjaland eins og kemur fram í viðaukanum við þessa reglugerð.

*2. gr.*Reglugerð þessi öðlast gildi á þriðja degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 21. febrúar 2001.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Franz FISCHLER

framkvæmdastjóri.

(*) Þessi EB-gerð, sem birtist í Stjtið. EB L 52, 22.2.2001, bls. 14, var nefnd í ákvörðun sameiginlegru EES-nefndarinnar nr. 97/2002 frá 12. júlí 2002 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn. Sjá EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna nr. 54, 31.10.2002, bls. 3.

⁽¹⁾ Stjtið. EB L 198, 22.7.1991, bls. 1.

⁽²⁾ Stjtið. EB L 241, 26.9.2000, bls. 39.

⁽³⁾ Stjtið. EB L 11, 17.1.1992, bls. 14.

⁽⁴⁾ Stjtið. EB L 279, 1.11.2000, bls. 19.

VIÐAUKI

Eftirfarandi komi í stað 5. liðar textans sem fjallar um Argentínu:

„5. Gildistími viðbótar: 30. júní 2003.“

Eftirfarandi komi í stað 2. liðar textans sem fjallar um Ungverjaland:

„2. Uppruni: afurðir í flokki 1 a) og lífrænt framleidd innihaldsefni í afurðum í flokki 1 b) sem hafa verið framleidd í Ungverjalandi eða flutt inn til Ungverjaland:

— annaðhvort frá Evrópubandalaginu

— eða frá landi utan bandalagsins innan ramma reglna sem eru viðurkenndar sem jafngildar í samræmi við ákvæði 1. mgr. 11. gr. reglugerðar (EBE) nr. 2092/91.“
